Sálfræðingafélag Íslands
(ICELANDIC PSYCHOLOGICAL ASSOCIATION)

# *Tólfta Sálfræðiþingið verður haldið dagana 1., 2. og 3. apríl 2020*

## *í samvinnu SÍ, Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík*

Auglýst er eftir efni fyrir málstofur, vinnustofur, fyrirlestra og veggspjöld

**SKILAFRESTUR ER TIL 21. FEBRÚAR 2020**

---

### Sálfræðiþingið er fræðileg ráðstefna fagfólks

Öllum er heimilt að bjóða efni til kynningar á þinginu, svo fremi sem það lýtur að sálfræði og stenst fræðilegar kröfur. Ekki er gerður greinarmunur á fræðilegu og hagnýtu efni en allir fyrirlestrar og veggspjöld eiga að standast fræðilega skoðun.

Á þinginu verður einungis um frumflutning erinda á íslensku að ræða. Ef erindi hefur áður verið flutt hér á landi útilokar það flutning á þinginu. Ef erindi hefur einungis verið flutt erlendis má sækja um að flytja það á þinginu.

### Miðvikudagskvöldið 1. apríl

fer fram sá hluti þingsins sem opinn er almenningi en þá verður boðið upp á fræðsluerindi um sálfræðileg málefni.

### Um fræðslu- og námskeiðadaginn fimmtudaginn 2. apríl:

Fræðslu- og námskeiðadagurinn er helgaður fræðslu, námskeiðum og kynningum. Skipuleggjendur hafa frjálsar hendur um tímalengd, fyrirkomulag, staðsetningu og þátttökugjöld.

Sálfræðingar eru hvattir til að bjóða upp á fræðslufyrirlestra, námskeið, kynningar og málstofur á vinnustöðum sínum eða í húsnæði SÍ / BHM.

#### *Kallað er eftir efni fyrir fræðslu- og námskeiðadag þingsins:*

Stutt námskeið, fyrirlestrar og kynningar um hagnýtt efni af sálfræðilegum toga.

Í ágripi skulu koma fram upplýsingar um höfunda / umsjónaraðila, umfjöllunarefni og fyrirkomulag. Ágrip skal vera að hámarki 150 orð.

### Heiðursverðlaun SÍ

verða veitt í sjötta sinn á þinginu. Skorað er á félagsmenn að senda inn tilnefningar um sálfræðinga sem eiga skilið virðingarvott fyrir störf sín, hafa innleitt nýjungar og/eða þróað verkefni í þágu sálfræðinnar, hafa skarað fram úr og verið öðrum fyrirmynd í starfi. Sálfræðingarnir skulu vera félagsmenn í SÍ. Í tilnefningu skal koma fram nafn viðkomandi og góður rökstuðningur.

### Um ráðstefnudaginn föstudaginn 3. apríl:

Ráðstefnan fer fram á Hilton Reykjavík Nordica og stendur frá kl. 8:30-17:00. Á ráðstefnunni fara fram þematengdar málstofur og vinnustofur sem og kynning erinda og veggspjalda.

#### *Kallað er eftir efni til kynningar á ráðstefnu-deginum:*

**A. Ágrip vegna málstofa / vinnustofa / erinda:** Ágrip skal vera að hámarki 250 orð. Greina skal frá efni, fræðilegu samhengi, rökstuðningi, aðferð og niðurstöðum eftir því sem við á. **Erindi skal taka 15 mínútur í flutningi með 5 mínútna umræðu í kjölfarið.** Ágrip verða birt í ráðstefnuriti, rafrænu fylgiriti Sálfræðiritsins. **Þematengdar málstofur standa í 1 1/2 klst.**

**B. Ágrip vegna veggspjalda:** Ágrip skal vera að hámarki 250 orð. Í ágripi skal greina frá umfjöllunarefni, fræðilegu samhengi, rökstuðningi, aðferð og niðurstöðum. Ágrip verða birt í ráðstefnuriti, rafrænu fylgiriti Sálfræðiritsins.

***Að kvöldi ráðstefnudagsins fögnum við sjálfum okkur og öðrum - nánar síðar!***

---

**Öll ágrip, hugmyndir og tilnefningar til heiðursverðlauna skal senda á word-formi á netfangið arsthing@sal.is fyrir 21. febrúar 2020.**